

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2002 frá 1. febrúar 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/2/EB frá 20. desember 2001, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er tryggð með kanadísku lögnum um vernd persónuupplýsinga og rafrænna skjala (Canadian Personal Information Protection and Electronic Documents Act) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5ed (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ee. **32002 D 0002**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/2/EB frá 20. desember 2001, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er tryggð með kanadísku lögnum um vernd persónuupplýsinga og rafrænna skjala (Canadian Personal Information Protection and Electronic Documents Act) (Stjtið. EB L 2, 4.1.2002, bls. 13).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 88, 4.4.2002, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 2, 4.1.2002, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.

„5ef. **32002 D 0016**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/2/EB og 2002/16/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

